

Khan Academy

Khan Academy eru góðgerðasamtök með það að markmiði að breyta menntun til hins betra með menntun í heimsklassa án endurgjalds.

Stofna þarf notendaaðgang til að nota vefinn, en þar er að finna fjölmörg kennslumyndskleið og gagnvirk verkefni sem tengjast m.a. upplýsingatækni. Myndskeiðin eru stutt, hnitmiðuð og útskýra vel afmörkuð viðfangsefni.

Vefurinn heldur utan um notkunarupplýsingar og birtir notandanum tölfræðilegt yfirlit. Kennarar hafa aðgang að öllum upplýsingum nemenda sinna.